

# NÆRMYND HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK

4. JÚNÍ 2026  
ELDBORG HARPA



# NÆRMYND: HILDUR GUÐNADÓTTIR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 4. JÚNÍ KL. 19:30

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

DANÍEL BJARNASON  
HLJÓMSVEITARSTJÓRI


HILDUR GUÐNADÓTTIR  
GESTGJAFI OG EINLEIKARI

SAM SLATER  
EINLEIKARI Á ÞRÍHORN

Tónleikarnir eru u.þ.b. ein og hálf  
klukkustund með hléi.

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.



Tónleikarnir eru samstarfsverkefni  
Sinfóníuhljómsveitar Íslands  
og Listahátíðar í Reykjavík.

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Blind Sarabande

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Overcast

## ALVIN LUCIER

Silver Streetcar For The Orchestra

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

The Song That Never Was

## KAIJA SAARIAHO

Nympha Reflections, II. Feroce

## RYUICHI SAKAMOTO

Meginstef úr *The Revenant*

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Allegro úr *Tár*

## HLÉ

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Confession úr *A Haunting In Venice*

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Pipes úr *A Haunting In Venice*

## ARVO PÄRT

Fratres

## MICA LEVI

Love úr *Under the Skin*

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Meeting Bruce Wayne úr *Joker*

## HILDUR GUÐNADÓTTIR

Bathroom Dance úr *Joker*

---

# HILDUR GUÐNADÓTTIR

---



Hildur Guðnadóttir er tónskáld, sellóleikari og söngkona sem hefur skipað sér í fremstu röð á sviði samtímatónlistar og kvikmyndatónlistar. Hún stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar tónsmíðar og nýmiðlun við Listaháskóla Íslands og Universität der Künste í Berlín.

Hildur hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir tónlist sína fyrir kvikmyndir og sjónvarp, meðal annars fyrir *Joker*, sem færði henni bæði Golden Globe- og Óskarsverðlaun, og HBO-seríuna *Chernobyl*, sem hlaut Emmy- og Grammyverðlaun. Hún hefur einnig samið tónlist fyrir verk á borð við *Sicario: Day of the Soldado*, sjónvarpsseríuna *Ófærð*, *Women Talking*, *Tár*, *28 Years Later: Bone Temple* og *The Bride!* Hildur hefur fengið fjölda tilnefninga til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir tónlist sína og árið 2014 var hún tilnefnd til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs sem tónskáld ársins.

Auk kvikmynda- og sjónvarpstónlistar semur Hildur reglulega fyrir leikhús, dansverk og tónlistarflutning. Hún hefur komið fram og tekið upp tónlist með fjölmörgum þekktum listamönnum, þar á meðal Jóhanni Jóhannssyni, múm, Pan Sonic, Hauschka, Wildbirds & Peacedrums Ryuichi Sakamoto og Fever Ray. Hildur býr og starfar í Berlín.

---

# DANÍEL BJARNASON

---



Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015 til 2018 og aðalgeststjórnandi á árunum 2019 til 2021, en starfar nú með sveitinni sem listamaður í samstarfi. Í lok þessa starfsárs mun hann stjórna Sinfóníuhljómsveitinni í eigin verki, hljómsveitarþrífleikum *I Want To Be Alive*, sem verður gefið út hjá útgáfufyrirtækinu Sono Luminus en fyrr á starfsárinu stjórnaði hann tónleikum sveitarinnar með verkum Caroline Shaw.

Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli utan landsteinanna og hafa verið frumflutt eftir hann verk hjá helstu hljómsveitum heims. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin, Harpa Nordic Film Composers-verðlaunin og Bjartsýnisverðlaun forseta Íslands. Þá var hann tilnefndur til Grammy-verðlauna fyrir hljómsveitarplötuna *Concurrence*.

---

---

# NÆRMYND

---

Dagskrá þessara tónleika er samsett af tónlist eftir Hildi Guðnadóttur auk nokkurra verka sem hafa haft djúpstæð áhrif á hana og hennar tónsmíðar. Tvö ný verk eftir Hildi verða frumflutt á tónleikunum: **Blind Sarabande** og **The Song That Never Was**, en þau voru pöntuð af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Holland Festival. Verkið **Overcast** er einnig nýtt af nálinni, en það er ný útsetning á samnefndu lagi Hildar af plötunni Without Sinking sem kom út árið 2009.

Tilraunakennt tónverk Alvin Lucier, **Silver Streetcar for the Orchestra** fyrir einleiksþríhorn frá árinu 1988, er bæði ihugult verk og ágengt á sama tíma. **Feroce** eftir finnska tónskáldið Kaiju Saariaho fyrir strengjasveit er nístandi og sársaukafullur þáttur úr verkinu **Nympha Reflection** frá árinu 2001. Ryuichi Sakamoto var afar fjölhæfur tónlistarmaður sem hafði mikil áhrif á raftónlistarsenuna með hljómsveit sinni Yellow Magic Orchestra. Hann var einnig afkastamikil kvikmyndatónskáld og er tónlistin við kvikmynd Alejandro G. Iñárritu, **The Revenant**, meðal hans þekktustu verka. Kvikmyndin um raunir hljómsveitarstjórans Lydiu **Tár** frá árinu 2022 var tilnefnd til 6 óskarsverðlauna. Tónlist Hildar lék stórt hlutverk í myndinni og hér heyrum við **Allegro** í nýrri og viðameiri útsetningu. Kvikmynd Kenneth Branagh frá árinu 2023 um ævintýri Hercule Poirot í Fenejum fór ekki með himinskautum en tónlist Hildar við kvikmyndina hlaut samt verðskuldaða athygli og var tilnefnd sem besta tónlist við hryllings-/spennumynd af samtökum kvikmyndatónlistargagnrýnenda.

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt er eitt af þekktustu tónskáldum samtímans og verk hans **Fratres** frá 1977 er meðal hans vinsælustu verka. Því hefur verið lýst sem dáleiddandi verki þar sem takast á upphafin kyrrð og innri ákefð. Mica Levi er einkum þekkt fyrir tilraunakennt popp sitt undir nafninu Micachu. Hán hefur einnig samið nokkuð af kvikmyndatónlist og var frumraun hans á því sviði árið 2014 við kvikmyndina **Under The Skin** í leikstjórn Jonathan Glazer. Tónleikunum lýkur á nýjum útsetningum á tónlist Hildar úr Óskarsverðlaunakvikmyndinni **Joker** frá árinu 2019.

Sinfóníuhljómsveit Íslands mun leggja land undir fót og endurtaka þessa tónleikadagskrá með Hildi Guðnadóttur og Daníel Bjarnasyni í því víðfræga tónlistarhúsi Concertgebouw í Amsterdam á Holland Festival þann 15. júní næstkomandi.



Á þessum viðburði verður textun á töluðu máli á íslensku. Þú getur séð textann í símanum þínum með því að skanna QR kóðann hér til hliðar.

---

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## 1. FIBLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Laufey Jensdóttir  
Joanna Bauer  
Pálína Árnadóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Emma Garðarsdóttir  
Sigrún Harðardóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir

## 2. FIBLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Ólóf Þorvarðsdóttir  
Justyna Bidler  
Margrét Þorsteinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Anna Elísabet Sigurðardóttir

## SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir  
Sigrður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Urh Mrak  
Guðný Jónasdóttir

## BASSI

T.C. Fitzgerald  
Richard Korn  
Jacek Karwan  
Hávarður Tryggvason

## FLAUTA

Rafael Adobas  
Áshildur Haraldsdóttir

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau

## KLARÍNETT

Grimur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Joseph Ognibene

## HLJÓMBORD

Liam Kaplan  
Sam Slater

## SLAGVERK

Marco Santos  
Frank Aarnink

## RAFHLJÓÐ

Sam Slater

## LÝSING

Helgi G. Thoroddsen

## HLJÓÐ Í SAL

Þorbjörn Kolbrúnarson

## ÁÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

## FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson  
framkvæmdastjóri  
Valdís Þorkeldsdóttir  
viðburða- og skipulagsstjóri  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástrásdóttir  
fræðslustjóri  
Tryggvi M. Baldvinsson  
listrænn ráðgjafi  
Jökull Torfason  
verkefnastjóri dagskrárgerðar

## Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri

## Kristín Björg Björnsdóttir

markaðsfulltrúi (í leyfi)

## Rut Sigurðardóttir

markaðsfulltrúi (afleysing)

## Dagrún Hálfðánardóttir

mannauðsstjóri

## Svanhvit Hrólfssdóttir

fjármálastjóri

## Tracy Bass

nótnavörður

## Brynja Guðmundsdóttir

aðstoðarnótnavörður

## Sigþór J. Guðmundsson

verkefnastjóri sviðs-  
og tæknimála

## Björk Björgúlfssdóttir

sviðsmaður

## STJÓRN SÍ

Sigrður Hannesson  
formaður stjórnar  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Margrét Pálmadóttir  
Emil Friðfinnsson  
Ragnar Jónasson

# LIFANÐI

2026 – 2027



# TÓNLIST



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Fléttaðu töfnum við hversdaginn,  
komdu í áskrift að nýju starfsári.  
SINFONIA.IS